



NMÍ-umsögn nr.: U14-07
Gildistímalok: 10. nóvember 2017

- NMÍ-UMSÖGN -

Vörulýsing: Einangrunarplast úr þöndu pólystýreni (EPS) til varmaeinangrunar bygginga.

Vöruheiti: Innanhúseinangrun 200080, Utanhúseinangrun 200140, Sökkuleinangrun 200080 og 200140, Plötueinangrun 200080, 200140 og 200180, þ.e alls sjö gerðir.

Umsagnarhafi: Promens Tempra ehf., Íshellu 8, 221 Hafnarfirði.

Framleiðandi: Promens Tempra ehf., Íshellu 8, 221 Hafnarfirði.

Staðfestingargögnum: 1. Skýrslur Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands nr. 2HG09619, dags. 13. júlí 2009, og nr. 1066-CPD-UGP1304, dags. 25. júní 2013, *Upphafsgerðarprófun*, sem staðfesta samræmi við staðalinn ÍST EN 13163:2012, sem er samhæfður evrópskur staðall og krefst því CE-merkingar vörunnar, fylgiskjal 1. 2. Yfirlýsingar um nothæfi, útgefnar af framleiðanda 7. nóvember 2014, fylgiskjal 2.

Laga- og reglugerðarákvæði

Helstu ákvæði, sem umsögn þessi byggist á, eru: 1. Lög um mannvirki, nr. 160/2010, 39. gr. 2. Byggingarreglugerð, nr. 112/2012, gr. 5.1.1 og gr. 5.1.4. 3. Reglugerð um viðskipti með byggingarvörur, nr. 431/1994, 3. og 4. gr.

Forsendur, fyrirvarar og ábendingar

- Varan skal vera merkt heiti sínu eða auðkenni, heiti eða auðkenni og aðsetri framleiðandans, framleiðsludagsetningu eða -kóða, flokki viðbragðs við eldi, yfirlýstu varmaviðnámi og -leiðni, nafnþykkt, skilgreiningarkóða, nafnlengd og -breidd, fjölda stykkja eða flatarmáli í pakka; þá skal **CE-merkið** vera skýrt ásamt tveimur síðustu tölustöfum árs merkingarinnar, númeri ofangreinds staðals og tilkynnts aðila.
- Ákvæði ofangreinds vörustaðals krefjast tilkynnts aðila einungis til að annast upphafsgerðarprófun; þessu samkvæmt er ekkert vottorð gefið út.
- Umsögn þessi nær einungis til vörum þeirrar, sem lýst er í ofangreindri *Yfirlýsingu um nothæfi*.
- Ekki liggja fyrir upplýsingar um tilvist neinna séríslenskra gagna, sem skilgreina kröfur fyrir einangrunarplast til umræddra nota.
- Hönnun og frágangur skal vera í samræmi við lýsingu framleiðanda; eiginleikum vörunnar og skilyrðum við notkun hennar, sem framleiðandinn tilgreinir og sem fram koma í ofangreindum staðli, skal ekki ofgert við álag, þar sem einangrunarplastið er staðsett.

UMSAGNARORD

Á ofangreindum staðfestingargögnum er ekki að sjá að umrædd vara brjóti í bága við íslenskar reglugerðir eða lög við notkun sem varmaeinangrun. Gengið hefur verið úr skugga um að framleiðandinn hafi uppfyllt skilyrði til CE-merkingar.

Umsögn þessi fellur úr gildi verði breytingar á vörunni, merkingum hennar, ákvæðum laga, reglugerða eða staðla sem eiga við vöruna eða notkun hennar.

Útgáfudagur: 10. nóvember 2014

Rögnvaldur S. Gíslason,
vottunarstjóri.

Jón Sigurjónsson,
yfirverkfraðingur.

FYLGISKJÖL: 1. Upphafsgerðarprófunarskýrslur Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands (2 x 4 bls.).
2. Yfirlýsingar framleiðanda um nothæfi (3 bls.).